

Fundargerð stjórnar SOS nr. 303

Stjórnarfundur SOS

Staður: SASS Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 22. júní 2021 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður(İK), Arna Ír Gunnarsdóttir stjórnarmaður (AÍG), Einar Bjarnason, varamaður Gísla Halldórssonar (EB) og Anton Kári Halldórsson, varaformaður (AKH) sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara. Þá mættu Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson SASS (BG).

1. Samstarfsvettvangur sorpssamlaga á Suðvesturhorninu-

Formaður kynnir og leggur fram fundargerðir Samstarfsvettvangs sorpsamlaga á Suðvesturhorninu frá 21.maí, 1. júní og 9. júní.

2. Drög að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032

Formaður ásamt Stefáni Gíslasyni komu á framfæri athugasemdum varðandi drögin í samræmi við bókun síðasta fundar SOS. Farið yfir drög að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Stjórn lýsir yfir ánægju með drögin, ljóst er að mikil og góð vinna hefur farið fram við gerð þeirra.

3. Samningur um forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi.

Lagður fram til kynningar undirritaður samningur um forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi. Formaður stjórnar SOS situr í starfshópi verkefnisins. Stjórn gerir miklar væntingar til vinnunnar og telur hana mikilvæga til að afla nauðsynlegra upplýsinga varðandi mögulega framtíðarlausn.

4. Kirkjuferjuháleiga – Eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar

Lögð fram til kynningar eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar og búið er að setja vinnu af stað til þess að bregðast við þeim með úrbótum.

5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason og Jón Valgeirsson gera grein fyrir stöðu mála.

6. Önnur mál

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 24. ágúst næstkomandi klukkan 15:00 á skrifstofu SASS, Austurvegi 56, Selfossi.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:10